

Ég andmæli áformum um álagningu veggjalda eins og þær koma fram í forsendum meiri hluta Umhverfis- og samgöngunefndar. Sérstaklega mótmæli ég áformum um álagningu veggjalda í Hvalfjarðargöng. Þau göng hafa verið greidd upp. Enginn annar vegaspotti þjóðvegarins hefur verið greiddur upp, af notendum sínum. Okkur, sem tókum á okkur 20 ára greiðsluskyldu vegna ganganna, þykir nóg komið og mjög sanngjarnt að þessi göng verði nú gjaldfrjáls.

Undirritað: Brynja Jóhannsdóttir